

172

21. sept.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 181 1. desember 1958.

14. gr. orðist svo:

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Skatturinn skal reiknast í heilum krónum.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli eða áætlun, er heimilt að krefja skattinn á 4 gjalddögum, í loks hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Sé aukavatnsskatturinn eigi greiddur á réttum gjalddögum, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerðarsamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

173

26. sept.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðfélagið Blanda.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Blanda.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða og landa, sem land eiga að vatnakerfi Blöndu. Þær eru:

Í Svinavatnshreppi:

1. Auðkúluheiði,
2. Þröm,
3. Eldjárnsstaðir,
4. Eiðsstaðir,
5. Guðlaugsstaðir,
6. Höllustaðir,
7. Syðri Löngumýri,
8. Ytri Löngumýri,
9. Tungunes,
10. Kárastaðir,

11. Ásar,
12. Hamar,
13. Gunnfríðarstaðir,
14. Holtastaðareitur.

Í Torfalækjarhreppi:

1. Grænahlíð,
2. Kagaðarhóll,
3. Kaldakinn I,
4. Kaldakinn II,
5. Kaldakinn III.

Í Blönduóshreppi:

1. Hnjúkar,
2. Blönduóskauptún.

Í Engihlíðarhreppi:

1. Enni,
2. Breiðavað,
3. Björnólfsstaðir,
4. Yzta-Gil,
5. Miðgil,
6. Engihlíð,
7. Glaumbær,
8. Fremstagil,
9. Geitaskarð,
10. Holtastaðir,
11. Fagranes,
12. Hvammur,
13. Móberg.

Í Bólstaðarhlíðarhreppi:

1. Strjúgsstaðir,
2. Hólabær,
3. Gunnsteinsstaðir,
4. Auðólfsstaðir,
5. Gautsdalur,
6. Æsustaðir,
7. Mörk,
8. Hvammur,
9. Mjóidalur,
10. Þverárdalur,
11. Kálfárdalur,
12. Bólstaðarhlíð I,

13. Bólstaðarhlíð II,
14. Botnastaður,
15. Húnaver,
16. Gil,
17. Fjós,
18. Skeggsstaðir,
19. Brattahlíð,
20. Brún,
21. Eiríksstaðir,
22. Torfustaðir,
23. Barkarstaðir,
24. Bergsstaðir,
25. Leifsstaðir,
26. Steinárgerði,
27. Steiná,
28. Hóll,
29. Skottastaðir,
30. Hvammur,
31. Kúfustaðir,
32. Stafn,
33. Mælifell,
34. Fossar,
35. Eyvindarstaðaheiði,
36. Rugludalur,
37. Selland,
38. Bollastaðir,
39. Eyvindarstaðir,
40. Austurhlíð,
41. Brandsstaðir,
42. Blöndudalshólar,
43. Brúarhlíð,
44. Finnstunga,
45. Ártún.

3. gr.

Verkefni félagsins eru:

- a. Að koma á og auka lax og göngusilungsveiði í Blöndu og ám, sem í hana falla, svo sem með aðflutningi seiða, klaki, friðun, eyðingu sels og annars veiðivargs. Enn fremur með því að laga farveg til að greiða fyrir fiskiför.
- b. Að reka alla lax- og göngusilungsveiði í fiskihverfinu, og er því öllum, sem veiðirétt eiga þar, óheimilt að stunda slíka veiði; þó má veiðifélagið selja á leigu stangaveiði og annan veiðirétt í fiskihverfinu.

4. gr.

Stjórnina skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt varamönnum kosnir á aðalfundi til þriggja ár í senn og skipta sjálfir með sér verkum. Stjórnarnefndarmenn ganga úr eftir sömu reglu og undanfarið.

Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu ef þess er óskað. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu í stjórn, nema lögmæt forföll hanni eða hann hafi verið 6 ár í stjórn.

Stjórnin ber ábyrgð á eigum félagsins.

173
26. sept.

Á stjórnarfundum ræður afla atkvæða úrslitum.
Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo endurskoðendur til eins árs í senn.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar til allra funda og stýrir þeim. Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi sem aðalfundur úrskurðar.

6. gr.

Arði af veiði skal skipt niður á félagsmenn samkv. arðskrá, eftir sömu skrá skulu menn greiða gjöld sín til félagsins. Aðalfundur getur þó árlega ákveðið að allur arður eða nokkur hluti hans renni í félagssjóð. Breytingar á gjaldskrá fara eftir gildandi lögum.

7. gr.

Af andvirði veiðinnar greiðist allur sölukostnaður og annar kostnaður, er af veiðinni leiðir fyrir félagið. Heimilt er aðalfundi að alfriða árnar um allt að fimm ár, ef það er samþykkt á aðalfundi af $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna.

8. gr.

Árgjöldin er heimilt að taka af arði félagsmanna, en eru þó lögtakskræf, ef með þarf. Gjaldtagi er 15. júlí ár hvert.

9. gr.

Aðalfundur skal haldinn í apríl ár hvert og skal hann boðaður með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð, eigi síðar en viku fyrir fundardag. Stjórn félagsins boðar til aukafundar þegar henni þykir ástæða til, eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess skriflega ásamt tilgreindu fundarefni. Fundir eru löglegir séu þeir löglega boðaðir.

10. gr.

Á aðalfundum leggur stjórn félagsins fram endurskoðaðan reikning fyrir síðastliðið ár, skýrir frá störfum þess á liðna árinu, leggur fram áætlun um starfstilhögun og starfrækslukostnað á yfirstandandi ári. Aðalfundur ákveður árgjaldið, hve miklu skuli úthlutað af arði, hvernig veiði skuli rekin og hverju skuli varið til fiskræktar o. s. frv. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum, svo sem við breytingu á samþykkt eða arðskrá. Þá þarf hún að má samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna.

Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar, á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða arðskrá, skal þess þá getið í fundarboði, Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess þá getið í fundarbók.

11. gr.

Hver félagi hefur eitt atkvæði á fundum og má hann fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og skal þess getið í fundarbók.

12. gr.

Félagsmönnum og þeim öðrum er á félagssvæðinu búa, er óheimilt að hafa með höndum ádráttarnet fyrir lax eða silung, nema þeir sanni, að það eigi að nota netið í vatni utan félagssvæðisins. Öll net, sem nota á til veiði í fiskihverfinu, skulu merkt með merki félagsins, sem er orðið Blanda. Um veiði til klaks og vísindalegra rannsóknna, fer eins og lög mæla fyrir.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 1000 króna sektum, er renna í ríkis- 26. sept.
sjóð. Um aðrar sektir fer samkvæmt gildandi laxveiðilögum.

14. gr.

Samþykkt þessari verður aðeins breytt á aðalfundi, ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna sam-
þykkja og breytingartillagnanna hafi verið getið í fundarboðinu.

15. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta þessum félagsskap og er það þá heimilt og fer um
félagsslit eftir gildandi ákvæðum laxveiðilaga. Með samþykkt þessari er úr gildi
fæld samþykkt fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Blanda, nr. 20 22. febrúar 1934.

Samþykkt þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og
silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. september 1960.

Ingólfur Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár, Húnavatnssýslu.

174

27. sept.

Samkvæmt mati yfirmatsmanna hinn 29. júlí 1959:

1. Hjaltabakki	13 einingar	24. Haukagil	42 einingar
2. Skinnastaðir	22 —	25. Saurbær	26 —
3. Akur	53 —	26. Ás	24 —
4. Stóra Giljá	4 —	27. Ásbrekka	16 —
5. Beinakelda	2 —	28. Brúsastaðir	5 —
6. Litla Giljá	3 —	29. Snæringsstaðir	5 —
7. Hnausar	74 —	30. Undirfell	11 —
8. Bjarnastaðir	49 —	31. Nautabú	12 —
9. Másstaðir	10 —	32. Kornsa	11 —
10. Hjallaland	9 —	33. Gilsstaðir	9 —
11. Hvammur	16 —	34. Flaga	9 —
12. Eyjólfstaðir	9 —	35. Helgavatn	9 —
13. Bakki	5 —	36. Hnjúkur	9 —
14. Hof	24 —	37. Breiðabólsstaður	8 —
15. Kötlustaðir	13 —	38. Miðhús	9 —
16. Gilá	9 —	39. Vatnsdalshólar	74 —
17. Marðarnúpur	5 —	40. Sveinsstaðir	82 —
18. Guðrúnarstaðir	2 —	41. Steinnes	27 —
19. Kárdalstunga	2 —	42. Leysingjastaðir	9 —
20. Þóroormstunga	28 —	43. Þingeyrar	125 —
21. Sunnuhlíð	31 —		
22. Forsæludalur	27 —		
23. Grímstunga	68 —		
		Samtals 1000 einingar	